# Heimasokkar

**fyrir 11–13 ára**

*Höfundur: Sigríður H. Guðjónsdóttir*




**ÚR KÖRFU TEXTÍLKENNARANS** *Verkefni í textílmennt fyrir 6.–7. bekk*







## Aðferð:

Prjón og ísaumur

## Áhöld:

✓ Tveir prjónar eða hringprjónn nr. 5½–6

## Efni:

✓ Álafosslopi

NÁMSGAGNASTOFNUN
www.nams.is

## Vinnulýsing fyrir nemendur

1. Byrjað er á því að fitja upp 50 eða 60 lykkjur eftir því hvað þið viljið hafa sokkana langa.

2. Prjónið sex umferðir sléttar með ljósum lit.

3. Prjónið einn garð með dökkum lit.

4. Prjónið einn garð með ljósa litnum.

5. Prjónið sextán garða með dökka litnum.

6. Prjónið einn garð með ljósum lit.

7. Prjónið einn garð með dökkum lit.

8. Prjónið sex umferðir sléttar með ljósum lit og fellið laust af.

9. *Frágangur á tá:* Lykkið sokkinn saman að framan. Þegar ca 5 cm eru eftir þá er sokknum snúið við og flipinn framan á tánni saumaður á ská með aftursting og svo brotið upp á hornin og þau saumuð niður. Að lokum er saumað fyrir endann á sokknum með dökkum lit. Gangið frá öllum endum.

10. *Skraut:* Saumið stór krókspor eða krosssaum með dökka litnum framan á sokkinn.


Lykkjað saman


Frágangur á tá


Krókspor

